

61

Ó, hve dýrðleg er að sjá



1. Ó, hve dýrð - leg er að sjá al - stirnd him - in - fest - ing blá
 2. Nótt - in helg - a hálf - uð var, huld - ust nær - fellt stjörn - urn - ar,
 3. Þeg - ar stjarna' á himn - i hátt hauð - ur lýs - ir miðja' um nátt
 4. Vitr - ing - ar úr aust - ur - átt ei því dvöldu', en fór - u brátt

þar sem ljós - in gulln - u glitr - a, glöð - u leik - a brosi' og titr - a
 þá frá him - in - boga' að bragð - i birti' af stjörnu', um jörð - u lagð - i
 sögð - u forn - ar sagn - ir víð - a sá mun fæð - ast með - al lýð - a
 þess hins komn - a kóngrs að leit - a, kóng - i lotn - ing þeim að veit - a

og oss bend - a upp til sín, og oss bend - a upp til sín.
 ljóm - ann henn - ar sem af sól, ljóm - ann henn - ar sem af sól.
 kon - ung - a sem æð - stur er, kon - ung - a sem æðst - ur er.
 mest - ur sem að al - inn er, mest - ur sem að al - inn er.

5. Stjarnan skær þeim lýsti leið,
 leiðin þannig varð þeim greið
 uns þeir sveininn fundu fríða.
 Fátæk móðir vafði' hinn blíða
 ∴ helgri' í sælu' að hjarta sér. ∴

6. Stjarnan veitt oss einnig er
 og ef henni fylgjum vér
 hennar leiðarljósið bjarta
 leiða' um jarðar húmið svarta
 ∴ oss mun loks til lausnarans. ∴

7. Villustig sú aldrei á
 undrastjarnan leiðir há,
 orðið Guðs hún er hið skæra
 oss er Drottinn virtist færa
 ∴ svo hún væri' oss leiðarljós. ∴